

**614. fundur bæjarráðs  
haldinn í bæjarráðssal, 28. maí 2020  
og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Gunnlaugur Smárason, Jakob Björgvin Jakobsson, Lárus Ástmar Hannesson (LÁH), Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH), Erla Friðriksdóttir og Þór Örn Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson, bæjarritari

**Dagskrá:**

**1. Skipulags- og bygginganefnd - 240 - 2005003F**

Lögð er fram fundargerð 240. fundar Skipulags- og byggingarnefndar sem haldinn var 18. maí sl., fundargerðin er í 3 liðum.

Til afgreiðslu eru dagskráliðir nr. 1, 2 og 3.

*Liður 1 - Fákaborg-Breyting á deiliskipulagi - málsnúmer 1906011  
Bæjarráð samþykkir að vísa þessum lið til bæjarstjórnar.*

*Liður 2 Ægisgata 6 -stækkun á svölum - málsnúmer 2005003  
Rúnar Birgisson sækir um leyfi til að stækka svalir á suðurhlið hússins við Ægisgötu 6, samkvæmt teikningum frá Sigurbjarti Loftssyni W7 slf, dags. 28.04.2020. Erindi er vísað frá byggingarfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Skipulags-og byggingarnefnd taldi á fundi sínum grenndaráhrif óveruleg og vísaði erindinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.*

*Bæjarráð staðfestir ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar.*

*3.Þétting byggðar - Tillögur að þéttingu byggðar - málsnúmer 1809017  
Lagðar eru fram hugmyndir að þéttingu byggðar þar sem lóðir við Áskinn, Lágholt 11b, Móholt og Borgarflöt eru sérstaklega teknar til skoðunar, ásamt yfirliti yfir áður fram komnar hugmyndir að þéttingu byggðar. Skipulags-og byggingarnefnd tók á fundi sínum jákvætt í þéttingu byggðar en taldi nauðsynlegt að hver reitur verði skilgreindur nánar. Þá fók nefndin skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Hesteigendafélagsins vegna tillögu að þéttingarsvæði við Móholt.*

*Bæjarráð staðfestir ákvarðanir skipulags- og byggingarnefndar.*

*Bæjarráð felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að fyrirliggjandi hugmyndum í samræmi við umræður á skipulag- og byggingarnefndarfundi og leggja hugmyndirnar aftur nánar skilgreindar fyrir skipulags- og byggingarnefnd.*

**2. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 3 - 2005004F**

Lögð er fram fundargerð 3. fundar Atvinnu- og nýsköpunarnefndar sem haldinn var

22. maí sl., fundargerðin er í 10 liðum.

Til afgreiðslu undir þessum dagskrálið eru dagskráliðir fundarins nr. 3, 5, 6 og 8.

*Liður 3 - Hrognkelsaveiðar á innanverðum Breiðafirði 2020 - málsnúmer 2005020*  
*Bæjarráð tekur undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísar henni til bæjarstjórnar.*

*Liður 5 - Sóknarfæri í tengslum við störf án staðsetningar - málsnúmer 2005055.*  
*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að bæjarstjóra og formanni atvinnu- og nýsköpunarnefndar verði falið að vinna áfram að málinu í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar og móta tillögur um kosti þess að staðsetja störf í Stykkishólmi.*

*Liður 6 - Stuðningur við nýsköpunarverkefni og aðstoð við frumkvöðla í Stykkishólmi - málsnúmer 2004022.*  
*Bæjarráð staðfestir afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.*

*Liður 8 Opnunartími Eldfjallasafns - málsnúmer 2005036.*  
*Á fundi bæjarráðs Stykkishólms, 14. maí sl., var óskað eftir umsögn atvinnu- og nýsköpunarnefndar um starfsemi Eldfjallasafnsins næsta vetur. Rætt var um starfsemi safnsins á undanförunum árum og kosti og galla þess að bæjarsjóður verji áfram fjármunum til starfseminnar. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd bókaði á fundi sínum að þeim fjármunum sem bæjarsjóður ver í starfsemi Eldfjallasafnsins sé betur varið til stuðnings margra annarra framfaramála í Stykkishólmi. Starfsemi safnsins hefur ekki náð að þróast nægjanlega sem lifandi safn til að vera aðdráttarafl og stuðningur við ferðaþjónustu í Stykkishólmi. Nefndin lagði til við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að segja upp samningi við eiganda Eldfjallasafnsins og kanna aðra og betri möguleika á nýtingu húsnæðisins.*

*Bæjarráð vísar tillögunni til umsagnar í safna- og menningarmálanefnd.*

### **3. Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2020-2023 - 2005075**

Framlagður viðauki 2 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023.

*Bæjarráð samþykkir viðauka 2 og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 2 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023.*

*Erla sat hjá.*

### **4. Gatnagerð og lagnavinna við Sæmundarreit í Stykkishólmi - 2005056**

Lögð fram verklýsing, uppdættir og fylgigögn vegna verðkönnunar í gatnagerð og lagnavinnu við Sæmundarreit í Stykkishólmi.

*Bæjarráð samþykkir að viðhöfð verði verðkönnun vegna framkvæmdanna sem takmarkist við þá aðila sem nefndir eru í fyrirbyggjandi drögum og felur bæjarstjóra að gera verðkönnun á gatnagerð og lagnavinnu við Sæmundarreit í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.*

*Eftirtöldum fyrirtækjum verður send verðkönnun:*

- BB & Synir ehf 580602-3470
- Gussi ehf 510408-2090

- Halldór Lúdvigsson 141163-4859

**5. Húsnæðisáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2028 - 2005046**

Lögð fram uppfærð húsnæðisáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2028.

*Bæjarráð samþykkir að vísa Húsnæðisáætlun til umsagnar skipulags- og bygginganefndar.*

**6. Innkaupareglur Stykkishólmsbæjar - 2005079**

Lögð fram drög að innkaupareglum Stykkishólmsbæjar.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að samþykkja fyrirbyggjandi innkaupareglur Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum.*

**7. Umsögn um rekstrarleyfi - Centerstay, Aðalgötu 14 - 2005058**

Lagt fram erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Stykkishólmsbæjar vegna umsóknar Hólmgeirs S. Þorsteinssonar kt.100267-3499 um rekstrarleyfi til þess að reka gististað í flokki II, minna gistiheimili, sem rekið er sem Centerstay að Aðalgötu 14 (F2115695), 340 Stykkishólmi.

Um er að ræða nýtt rekstrarleyfi til gistingar (endurnýjun) vegna rekstarins sem umsækjandi recur skv. rekstrarleyfi LG-REK-010109 útgefið 4.5.2016.

*Bæjarráð gerir athugasemd við útgáfu rekstarleyfis til Centrarestey við Aðalgötu 14, að þessu sinni, í samræmi við fyrri afgreiðslur Stykkishólmsbæjar í sambærilegum málum undanfarið, þar sem ekki er gert ráð fyrir umræddum rekstri í skipulagi svæðisins og viðmiðanir liggja ekki fyrir í skipulagsskilmálum.*

*Bókun bæjarstjóra:*

*Bæjarstjóri bendir á mikilvægi þess að unnin verði stefnumótun um gistitarfsemi á íbúðasvæðum, en sú vinna mun eiga sér stað við endurskoðun aðalskipulags Stykkishólmsbæjar. Vill bæjarstjóri taka fram að hafin er undirbúningsvinna hjá sveitarfélaginu þar sem tekið er mið af því að leggja grunn að reglum, opinberum viðmiðunum eða breytingum á aðalskipulagi, þar til endurskoðun aðalskipulags Stykkishólmsbæjar hefur átt sér stað.*

**8. Styrkbeiðni Skíðadeildar UMFG - 2001015**

Lögð er fram styrkbeiðni frá Skíðadeildi UMFG þar sem farið er þess á leit við Stykkishólmsbæ að styrkja skíðasvæði Snæfellsness til frekari uppbygginga.

*Samþykkt að fresta erindinu.*

**9. Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi - 1907032**

Mál tekið upp að nýju að beiðni Lárusar Ástmar Hannessyni varðandi samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi. Lagðar fram upplýsingar um kostnað tengdum rekstri skipulags- og byggingarfulltrúa.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að málinu áfram og hvetur til þess að vinnsla málsins verði hraðað þannig að ganga megi frá stofnsetningu embættisins á þessu ári.*

**10. Breyting á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði - 2004039**

Lögð fram tillaga bæjarstjóra að breytingu á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði þar sem lagt er til breyting á reglunum varðandi skilyrði reglnanna um að ef sótt er um lóð á óskipulögðu svæði sé lóðarumsókn hafnað þannig að heimilt sé að úthluta lóðum hafi lóðirnar verið samþykktar til úthlutunar af bæjarstjórn.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi áorðnum breytingum á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.*

#### **11. Hönnun á útsýnisstað í Súgandisey - 2004031**

Lögð fram drög að auglýsingu forvals samkeppninnar frá FÍLA.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi auglýsingu forvals samkeppninnar og felur bæjarstjóra að vinna að málinu áfram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra jafnframt að kynna málið fyrir umhverfis- og náttúruverndarnefnd og skipulags- og byggingarnefnd.*

#### **12. Reglur um úthlutun búseturéttaríbúða í Stykkishólmi - 2001017**

Lagt er fram minnisblað bæjarstjóra varðandi reglur um búseturétt. Samkvæmt núgildandi reglum færast þeir sem hafna þeirri íbúð sem þeim bjóðast aftast á þann lista. Má því ætla að fólk sem er næst í röðinni þurfi þess að gjalda ef ekki losnar íbúð sem þeim hentar og það þurfi því að afþakka og færast aftast í röðina. Því má velja fyrir sér hvort þessu fyrirkomulagi mætti haga betur með bættum og skýrari reglum.

Leggur bæjarstjóri til að skipaður verði starfshópur með það hlutverk að endurmóta reglur um búseturéttaríbúðir í Stykkishólmi.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra og leggur til við bæjarstjórn að skipaður verði starfshópur með það hlutverk að endurmóta reglur um búseturéttaríbúðir í Stykkishólmi.*

#### **13. Hreinsun í Móvík - 2005022**

Lagt er fram minnisblað bæjarstjóra varðandi hreinsun í Móvík. Óskað hefur verið eftir því, f.h. Sjósunðsfélags Stykkishólms, að Stykkishólmsbær aðstoði félagið við að hreinsa fjöruna af þangi og grjóti til að bæta aðstöðu sundkappa.

*Bæjarráð óskar eftir fundi með Sjósunðsfélags Stykkishólms.*

#### **14. Sérfræðingar í leikskólamálum - 2003015**

Lagt fram að nýju tillaga um kannaður verði möguleiki á því að fá til starfa sérfræðing í leikskólamálum til að veita leikskólanum í Stykkishólmi ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólapróun í samræmi við 23. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla ásamt tillögu að ráðgjöf og stuðningi sem þróunarverkefni til eins árs (skólaárið 2020 ? 2021) í samræmi við afgreiðslu 610. fundar bæjarráðs.

*Á fund bæjarráðs eru mættar Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans, og Elísabet Lára Björgvinsdóttir, aðstoðar leikskólastjóri.*

*Bæjarráð samþykkir viðbót við þjónustukaup leikskólans að fjárhæð kr. 250.000 vegna málsins og að viðbótinni verði komið fyrir í viðauka 3 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar sem lagður verði fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Að öðru leyti felur bæjarráð stjórnendum leikskólans að útfæra og semja um umrædda þjónustu og óska eftir viðbótar fjárheimildum ef þurfa þykir í samræmi við verklagsreglur*

*Stykkishólmsbæjar um samþykkt viðauka og tilfærslu á milli deilda sem og verkefna.*

## **15. Tillögur að aðhaldsaðgerðum í Leikskóla Stykkishólms - 2004029**

Lagaðar fram tillögur að aðhaldsaðgerðum í Leikskóla Stykkishólms í kjölfar COVID-19 sem vísað var til umsagnar í skóla- og fræðslunefnd. Þá er einnig lögð fram tillaga og greinargerð O-lista vegna styttingu opnunar leikskólans.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók málið upp á fundi sínum 22. maí sl. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd telur ekki ráðlagt að fresta styttingu sumarlokunar leikskólans þar sem slíkt getur gert atvinnulífi bæjarins erfitt fyrir, sem nú þegar stendur völtum fótum, sökum áhrifa af COVID-19. Mörg börn hafa misst daga úr hefðbundnu skólastarfi og kann það að hafa haft áhrif á orlofsstöðu einhverra foreldra fyrir sumarið, sem jafnvel hafa þurft að ganga á orlofsdaga sína. Jafnframt má ætla að foreldrar hafi gert áætlanir um fyrirhugað sumfrí í samráði við sína vinnuveitendur, á fyrstu mánuðum ársins, í samræmi við þegar boðaða fjögurra vikna lokun leikskólans. Við ákvörðun af þessu tagi þarf að vega og meta þá hagsmuni sem undir eru og verður að telja að hagsmunir fjölskyldna og atvinnulífsins vegi þungt og þyngra en þeir fjárhagslegu hagsmunir sem aðhaldsaðgerðunum er ætlað að mæta.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði til við bærastjórn að framfylgja fyrirhuguðum áætlunum um að stytta sumarlokun leikskólans til að styðja við atvinnulífið og mæta þörfum fjölskyldna.

*Á fund bæjarráðs eru mættar Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans, og Elísabet Lára Björgvinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.*

*Bæjarráð bendir á að á 376. fundi bærastjórnar ákvað bærastjórn Stykkishólmsbæjar að breyta opnartíma Leikskólans þannig að honum verði lokað í 4 vikur í stað 5 vikna og að breytingin myndi taka gildi 2020. Þeirri ákvörðun hefur ekki verið breytt.*

*Eins og fram kemur í bókun atvinnu- og nýsköpunarnefndar þá kann COVID-19 að hafa haft áhrif á orlofsstöðu einhverra foreldra fyrir sumarið, sem jafnvel hafa þurft að ganga á orlofsdaga sína. Jafnframt má ætla að foreldrar hafi gert áætlanir um fyrirhugað sumfrí í samráði við sína vinnuveitendur, á fyrstu mánuðum ársins, í samræmi við þegar boðaða fjögurra vikna lokun leikskólans. Við ákvörðun af þessu tagi þarf að vega og meta þá hagsmuni sem undir eru og verður að telja að hagsmunir fjölskyldna og atvinnulífsins vegi þungt og þyngra en þeir fjárhagslegu hagsmunir sem aðhaldsaðgerðunum er ætlað að mæta.*

*Í ljósi framangreinds telur bæjarráð rétt að koma til móts við þá foreldra sem telja sig þurfa fimm vikna orlof í sumar að sækja sérstaklega um það til Leikskólans, þ.e. þá fjóra daga til viðbótar sem ákvörðun bærastjórnar samþykkti að stytta um á síðasta ári.*

*Þeir foreldrar sem þurfa geta því sótt um að hafa börnin á leikskólanum dagana 6.-9. júlí. Til þess að þurfa foreldrar að skrá sig sérstaklega hjá leikskólanum fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 4. júní nk.*

*Forsendur þess að leikskólinn verði opinn þessa daga þurfa að lágmarki að koma umsóknir 25 barna að vera á leikskólanum þessa daga.*

Sigrún og Elísabet Lára yfirlögðu fundinn.

## **16. Gæsluvöllur - 2005077**

Lögð fram tillaga O-lista ásamt greinargerð um að starfrækja gæsluvöll á lóð leikskólans sumarið 2020.

*Bæjarráð samþykkir að kanna möguleika á því að halda leikjanámskeið fyrir börn fædd árið 2014 og 2015 eftir að sumarlokun leikskóla hefst.*

**17. Ferjuleið Baldurs milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar sumarið 2020 - 2005078**

Bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðu mála varðandi daglegar ferjuleiðir með Baldri sumarið 2020 milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar.

*Bæjarstjóri gerir grein fyrir því að Sæferðir sé búíð að rita undir samning við Vegagerðina sem tryggir siglingar Baldurs í sumar í samræmi við tillögu Sæferða sem gerir ráð fyrir a.m.k. einni ferð á dag.*

*Bæjarráð lýsir ánægju sinni með að Vegarðin hafi undirritað samning við Sæferðir um daglegar ferjuleiðir með Baldri sumarið 2020 milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar.*

**18. Heimasíða Stykkishólmbæjar - 2004036**

Lögð eru fram tilboð í endurnýjun á heimasíðu Stykkishólmbæjar frá Advania, Stefnu og Hugsmiðjunni ásamt kröfulýsingu nýs vefs.

*Bæjarráð samþykkir með tveimur atkvæðum H-lista gegn einu atkvæði O-lista að ganga að tilboði lægstbjóðanda.*

**19. Frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir, 662. mál. - 2005047**

Lagt fram erindi Umverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir, 662. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 22. maí nk.

*Lagt fram til kynningar.*

**20. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - Kæra - 2005072**

Lögð fram kæra Rakelar Olsen til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt svarbréfi Stykkishólmbæjar í tengslum við framkvæmdir við Ægisgötu 1, ásamt öðrum gögnum málsins.

*Lagt fram til kynningar.*

**21. Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar - 2005070**

Lögð fram fundargerð 178. fundar Breiðarfjarðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**22. Bréf frá Eftirlitsnefnd vegna COVID-19 - 2005054**

Lagt fram bréf Eftirlitsnefndar til sveitarstjórna í kjölfar COVID-19

*Lagt fram til kynningar.*

**23. Aðalfundur SSV - 2005057**

Framlagt bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem boðað er til aðalfundar samtakana. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi, mánudaginn 15. júní nk.

*Lagt fram til kynningar.*

*Hrefnahildur Hallvarðsdóttir, Haukur Garðarsson og Lárus Ástmar Hannesson mæta á aðalfund SSV.*

**24. Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 1912013**

Framlagðar fundargerðir 882., 883. og 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðirnar hefur jafnframt verið birtar á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundunum.

*Lagt fram til kynningar.*

**25. Fundargerðir starfshóps um framtíð Ljósmyndasafns Stykkishólmsbæjar - 2004019**

Framlögð fundargerð frá öðrum og þriðja fundi starfshóps um framtíð Ljósmyndasafns Stykkishólms.

*Lagt fram til kynningar.*

**26. Boð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga 12. júní 2020 - 2005076**

Lagt fram bréf frá Lánasjóð sveitarfélaga. Í bréfinu er fundarboð á aðalfund Lánasjóðsins sem haldinn verður 12. júní kl. 15:00 á Grand Hótel í Reykjavík.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:39**

---

Gunnlaugur Smárason

---

Jakob Björgvin Jakobsson

---

Lárus Ástmar Hannesson  
(LÁH)

---

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir  
(HH)

---

Erla Friðriksdóttir